

2. gr.

Ný 2. mgr. 12. gr. orðist svo:

Heimilt er Tryggingastofnuninni að veita örorkustyrk þeim, sem skortir að minnsta kosti helming starfsorku sinnar og uppfyllir skilyrði 1. mgr. að öðru leyti en því, er örorkustig varðar. Örorkustyrkþegi, sem náð hefur 62 ára aldri, skal njóta örorkustyrks sem jafnan svarar til fulls örorkulífeyris (grunnlífeyris án bóta tengdra honum). Örorkustyrk má enn fremur veita þeim, sem stundar fullt starf, en verður fyrir verulegum aukakostnaði sökum örkorku sinnar, og heimilt er að greiða slíkan styrk vegna bæklunar eða vanþroska barns innan 16 ára aldurs, ef hún hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða mikla umönnun. Tryggingaráð setur reglur um örorkustyrki, og skulu þær staðfestar af ráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 120/1976, um tollskrá, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. Við 1. gr. laganna bætist undir viðkomandi vörulið eftirtalin tollskrárnúmer:

Tollskrárn.	Vörulýsing	Tolltaxti %
19.02.03	Fæða sérstaklega tilreidd fyrir ungbörn og sjúka	0
20.05.04	Fæða sérstaklega tilreidd fyrir ungbörn	0
21.05.22	Fæða sérstaklega tilreidd fyrir ungbörn	0
21.07.23	Neyðarmatvæli í auðkenndum umbúðum, svo og fæðutegundir sérstaklega tilreiddar sem fæða fyrir ungbörn og sjúka	0

2. Tollur af fæðu sérstaklega tilreiddri fyrir ungbörn sem flokkast undir tollskrárnúmer 20.02.09 og 20.06.20 verði felldur niður samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.